

Nd.

327. Tillaga

til þingsályktunar um dýrtiðarvinnu.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni, állti hún nauðsynlegt að útvega fólki dýrtiðarvinnu, að gera samning við stjórn Flóa-áveitufjelagsins um vinnu við framkvæmd Flóa-áveitunnar, eða einhvers hluta þess verks, fyrir atvinnulaust fólk, og að greiða beint úr landssjóði óhjákvæmilegan halla, sem verða kann á þessari vinnu, eftir því er um semur við þá, er þar eiga hlut að máli.